



Ársskýrsla 2021

Bókasafn Menntavísindasviðs

Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er sérhæft safn á sviði menntavísinda og þeirra faggreina sem kenndar eru á sviðinu. Á árinu var unnið samkvæmt stefnu safnsins en þar er einkum lögð áhersla á uppbyggingu safnkosts sem styður við nám, kennslu og rannsóknir, og kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi.

Safnkostur og aðföng

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur veða þyngst, en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flest öllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgang að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður aðgang að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, ¹rafrænum tímaritum og bókum, bæði með séráskriftum og í gegnum landsaðgang.

Tafla 1 Aðföng árin 2018-2021

Aðföng	2018	2019	2020	2021
Bækur, keyptar*	497	439	365	614
Rafbækur, keyptar	48	43	70	94
Bækur, gjafir	256	105	84	188
Bækur/skýrslur, rafrænar (oa)			30	152
Námshöggn - grunnskólaefni*	48	208	60	
Námshöggn - skráðar rafbækur			124	15
Bækur alls	849	795	733	1063
Nýsigögn	37	0	21	28
Tímarit, pr. áskrift	59	61	44	38
Tímarit, gjafir	5	5	12	13
Tímarit, rafræn og pr. áskr.	10	11	11	12
Tímarit eingöngu rafræn áskr.	12	11	10	11
Tímarit alls	86	88	77	74
Greinar í Opnum vísindum	62	21	77	69
Doktorsritgerðir í Opnum vísindum	2	5	3	7
Bækur í Opnum vísindum	1	1	0	0
Bókarkafnar í Opnum vísindum		4	17	3
Ráðstefnugreinar í Opnum vísindum	3		4	0
Skýrslur í Opnum vísindum			7	2
Opin vísindi alls	68	31	108	81
Lokaverkefni í grunnnámi í Skemmunni	157	158	175	173
Lokaverkefni í meistaranámi í Skemmunni	133	132	143	95
Rit starfsmanna í Skemmunni				
Skemman alls	290	290	318	268
Samtals:	1329	1204	1257	1514

¹ *Bækur, keyptar – ekki er unnt að aðgreina grunnskólaefni frá öðru keyptu efni þetta árið

(Tölur í sviga eiga alls staðar við árið 2020)

Ný aðföng teljast alls 1.514(1.257). Þetta árið er ekki hægt að aðgreina „Bækur, keyptar“ og „Námsgögn – grunnskólaefni“ en samkvæmt Gegni eru það samtals 614 eintök.

Ný eintök eru ýmist skráð í Gegni, Opin vísindi eða Skemmuna. Tölur úr Gegni miðast við eintakatengingar en samkvæmt þeim voru 896(644) eintök tengd inn í kerfið á árinu og 4.636(2.079) afskráð. Inn í þá tölu vantar um 6.200 ótengd tímaritshefti sem voru afskráð. Nýskráðir titlar samkvæmt eintakatengingu pappírseintaka, eru 641(531) og ný tímaritshefti eru 159(135). Hér vantar tölur um rafrænt efni sem skráð er á vegum safnsins og eðli málsins samkvæmt er ekki eintakatengt. Má þar nefna rafrænar bækur, skýrslur og rit um menntamál sem opin eru á vefnum (sjá töflu 1). Einnig vantar námsefni grunnskóla sem gefið er út á vef (tafla 1). Þá vantar inn í þessar tölur skráningu einstakra bókarkafna og tímaritsgreina sem skráðar voru í Gegni en ekki eintakatengdar. Tölur úr Gegni gefa því ekki alveg réttar upplýsingar um ný aðföng í kerfinu. Hlutur rafræns efnis sem erfiðara er að henda reiður á er einnig alltaf að aukast. Ný aðföng í Opnum vísindum voru 81(108) og í Skemmuna bættust við 268(318) lokaverkefni. Af þeim 268 lokaverkefnum sem skilað var á árinu, voru 65 samvinnuverkefni.

Árlega berst safninu fjöldi gjafa, yfirleitt frá starfsmönnum sviðsins eða öðrum velunnurum. Má þar nefna að á árinu fékk safnið gjafir meðal annars frá Ingvari Sigurgeirssyni, úr dánarbúi Dóru Bjarnason og bækur frá lager Bóksölu kennaranema.

Alls hafa 70(60) starfsmenn og doktorsnemar lagt inn 169(178) beiðnir vegna kaupa á nýju efni.

Safnkostur

Eintakaeign safnsins samkvæmt Gegni er við árslok 85.764²(89.316) og heildarfjöldi titla er 49.031(50.623).

Bæta má við að dágóður fjöldi bóka á sviði menntavísinda eru aðgengilegar í gegnum rafráttakapækka frá Springer, sem keyptur er í landsaðgangi. Einnig er fjöldi gagnlegra rafráttakapækka aðgengilegar á háskólanetinu í gegnum séráskriftir bókasafns Menntavísindasviðs og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Má þar nefna OECD iLibrary, Cambridge Core, Ebook Central, SAGE Research Methods, Oxford Scholarship Online og Oxford Handbooks Online.

Í Skemmuna eru skráðir í árslok 5.032(4.764) titlar undir Menntavísindasviði, sumir þeirra eru einnig skráðir í Gegni³. Frá árinu 2007 til ársloka 2021 hafa 4.633(4.365) lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistað þar að meðtöldum doktorsverkefnum, og er aðgangur opin að þeim flestum. Þar hafa einnig verið vistaðar 399 greinar og skýrslur eftir kennara sviðsins, sem birtar hafa verið í tímaritum og ráðstefnuritum.

Í Opnum vísindum hafa undir Menntavísindasviði, verið vistaðar 318(237) færslur frá 2017 þegar varðveislusafnið var tekið í notkun, þar af 260(191) tímarits- og ráðstefnugreinar eftir kennara, 24(21) bókarkafnar, níu skýrslur, þrjár bækur og 22(15) doktorsverkefni.

² Þmt 20 eint í KHSHK (Skiptiholt)

³ Skráningu lokaverkefna í Gegni var hætt 2017

Lánþegar

Skráðir lánþegar í lok árs eru samkvæmt upplýsingum úr Gegni 3.450(3.388)⁴. Þar af eru nemendur og starfsmenn Menntavísindasviðs 3.298(3.243).

Útlán og notkun

Heildarfjöldi útlána og endurnýjana á heimildum í prentformi voru 18.616(18.041) sem skiptast á þá leið að það eru 3.679(4.548) útlán og 14.937(13.493) endurnýjanir. Endurnýjanir skiptast með þeim hætti að 3.808(3.921) eru af vef þar sem lánþeginn endurnýjar sjálfur og 12.526(9.572) eru framkvæmdar samkvæmt beiðni í afgreiðslu safnsins.

Tafla 2 Útlán og endurnýjanir eftir lánþegum 2021

Heildarútlán og endurnýjanir	Útlán	Endurn.	Samtals
Nemendur Mvs	1824	1258	3082
Starfsfólk Mvs	1339	13063	14402
Aðrir	516	616	1132
Samtals	3679	14937	18616

Tafla 3 Útlán og endurnýjanir árin 2018-2021

Heildarútlán og endurnýjanir	2018	2019	2020	2021
Nemendur Mvs	8606	7974	4057	3082
Starfsfólk Mvs	15753	16433	12544	14402
Aðrir starfsmenn HÍ	196	175	145	122
Aðrir nemendur HÍ	815	875	758	558
Aðrir	473	858	537	452
Samtals	25843	26315	18041	18616

Fjöldi útlána hefur dregist töluvert saman á Covidtímanum.

Aukin notkun á rafbókum, rafrænum skýrslum, lokaverkefnum og greinum í opnum aðgangi, landsaðgangi og á háskólanetinu er ekki inni í áðurnefndum útlánatölum. Ekki eru til tölulegar upplýsingar um notkun á handbókum og öðrum safnkosti eins og tímaritum sem ekki fara í gegnum útlánakerfið, en hún er talsverð. Aðgangur að rafbókum hefur aukist mikið ekki síst fyrir tilstilli kaupa Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á rafbókaköppum sem opnir eru á háskólanetinu. Bókasafn Menntavísindasviðs er með samning við Proquest um kaup á rafbókum og í lok árs voru þær orðnar 146(58). Bækurnar hafa verið lesnar á vef 1.361(346) sinnum, þeim hefur verið hlaðið niður í heild sinni 78(22) sinnum og einstaka köflum hefur verið hlaðið niður 389(149) sinnum. Þá

⁴ Nemenda og starfsmannalistar MVS eru keyrðir inn í lánþegaskrána þannig að hér munar mestu um nemenda- og starfsmannafjölda sviðsins

voru prentaðar 6.553(2090) síður og 273(32) afritaðar. Notendur voru 295(81). Safnið hefur að auki aðgang að 178(174)⁵ rafbókatitlum í gegnum EbscoHost. Bækurnar hafa verið lesnar alls 389(460)sinum, 311 sinnum á vef og 78 köflum hefur verið hlaðið niður. Útdrættir hafa verið skoðaðir 514(721) sinnum. Auk þess býður EbscoHost aðgang að um 70 rafbókum í opnum aðgangi, sem tengjast þeim fræðigreinum sem hér eru kenndar. Notendur á háskólanetinu hafa lesið af heildartexta þeirra um 180 sinnum og útdrátt um 270 sinnum. Notkun rafbóka keyptum frá EbscoHost hefur minnkað milli ára, enda lítið keypt inn frá þeim af nýjum bókum.

Ekki er unnt að sjá hvað efni Menntavísindasviðs í Skemmunni er mikið notað, né hversu mikið starfsmenn og nemendur sviðsins nota Skemmuna.

Á árinu voru sóttar 2.820(2.116) greinar í heildartexta úr 8(7) tímaritstitlum sem keyptir eru rafrænt í séráskriftum⁶ frá Taylor&Francis og Human Kinetics. Ekki liggja fyrir tölur yfir notkun annarra rafrænna tímarita sem keypt eru í séráskrift, svo heildarnotkun er meiri. Ekki er heldur mögulegt að fá nákvæmar tölur frá Landsaðgangi að rafrænum áskriftum um hversu margar greinar voru sóttar á IP-tölur Menntavísindasviðs. Í gegnum gagnasafnið EbscoHost voru sóttar á IP-tölum Háskólans, 626(1.900) greinar úr 155(300) tímaritum. Notkunin hefur lækkað vegna þess að Landsaðgangur kaupir ekki lengur áskrift. Frá Taylor&Francis voru sóttar um 16.000(10.000) greinar úr um 230(200) tímaritum á sviði menntamála, leikskólafræði, fötlunarfræði, íþróttá- og heilsufræði. Sóttar voru 532(420) greinar úr 21(11) tímariti á sviði íþróttá- og heilsufræða frá Human Kinetics.

Millisafnalán

Tölulegar upplýsingar vantar um millisafnalán á árinu.

Notendafræðsla og upplýsingaþjónusta

Upplýsingafræðingar veita upplýsingaþjónustu í afgreiðslu safnsins. Þar geta viðskiptavinir safnsins fengið leiðsögn án fyrirvara og kennslu um heimildaleitir og heimildaskráningu. Einnig er boðið upp á notendafræðslu, námskeið og kynningar um heimildaleitir almennt, leitir.is, einstök gagnasöfn, tímaritaskrá háskólabókasafna og EndNote. Einstök námskeið eða kynningar eru löguð að ákveðnum markhópum.

Vegna aðstæðna var minni áhersla á kennslu en yfirleitt áður og flestöll var hún skipulögð í fjarkennslu.

Alls fylgdust um 535(994) nemendur með skipulagðri notendafræðslu í gegnum fjarfundabúnað. Fleiri hafa getað nýtt sér upptökur síðar..

⁵ Misritað 120 í ársskýrslu 2018

⁶ Notkunartölur fyrir rafrænt efni miðast við IP-tölur HÍ, ekki Menntavísindasviðs eingöngu

Tafla 4 Ársuppgjör notendafræðslu 2021

2021 Nemendafjöldi	
Kennsla á námskeiðum	474
Auglýst námskeið og kynningar	5
Einkaaðstoð við kennara og nemendur	2
Námskeið vegna lokaverkefna	55
	535

Einnig voru gerðar upptökur fyrir nemendur meðal annars um leitir.is, heimildaleit og leit í erlendum gagnasöfnum. Hvorki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda nemenda sem nutu þeirra kynninga né tímalengd á upptökum. Inn í þessar tölur vantar einnig einstaklingsaðstoð sem veitt er af upplýsingaþjónustu í afgreiðslu.

Gestir

Undanfarin ár hafa gestir á safni verið taldir í nokkrar vikur í senn að vori og hausti. Engin talning fór fram vorið 2021 frekar en árið 2020 vegna sóttvarnaraðgerða og fjöldatakmarkana. Talning fór fram 11.-22. október og 8.-26. nóvember. Gestir í október voru að meðaltali 21,4 en í nóvember þegar smitum fór að fjölga, hafði þeim fækkað niður í 14. Nóvember er einmitt sá tími þegar yfirleitt mest aðsókn hefur verið. Ársmeðaltal síðustu árana fyrir Covid var frá 18,7-24,5.

Rafbókasafn

Vefur bókasafnsins er lykillinn að safnkostinum, með tenglum í leitir.is, gagnasöfn og tímaritaskrá, og einnig vef um birtingar starfsmanna þar sem listaðar eru birtingar, flokkaðar eftir höfundum, ári, titlum og tegund. Vefur safnsins geymir auk þess upplýsingar um afgreiðslutíma, þjónustu og safnkost, tengla í rafrænt efni og ýmsar leiðbeiningar.

Bókasafnið dreifir einnig gagnlegum upplýsingum og áhugaverðu efni á Facebook-síðu safnsins. Fylgjendur síðunnar eru um 1.500. Þá heldur safnið úti hópvef á Facebook, *Rit eftir starfsmenn Mvs* með um 100 fylgjendum þar sem kynnt er nýtt efni eftir starfsmenn.

Árið 2020 var ákveðið að bókasafnið fengi aðild að Leiðarvísunum (sem áður hétu Áttavitinn (Libguide)) Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Fyrsta síðan, *Nýjar bækur á Menntavísindasviði*, fór í loftið í desember það ár. Í kjölfarið komu leiðarvísar fyrir helstu námsgreinar á Menntavísindasviði og nokkrir leiðarvísar sem eiga einkum við þjónustu safnsins við sviðið voru opnaðir um sumarið. Um haustið var nafni Áttavitans breytt í Leiðarvísar og slóðin er leidarvísar.is.

Starfsmenn

Um áramót voru starfandi á bókasafninu fimm starfsmenn í 4,5 stöðugildum. Starfsmenn safnsins eru Gunnhildur Björnsdóttir forstöðumaður (100%), Anna Kristín Hannesdóttir, skjölun og skráning (100%), Anna Jóna Lýðsdóttir, flokkun og skráning (75%), Helgi Sigurbjörnsson, millisafnalán, skráning, birtingar kennara og OJS útgáfa Mvs (100%), og Elín Helgadóttir, rukk, tímarit og afgreiðsla (75%). Margrét Guðmundsdóttir lét af störfum um sumarið. Að auki hefur Elín Arna Ellertsdóttir sem unnið hefur við að fara yfir skjöl frá tímum KHÍ í geymslum, haft aðsetur á safninu og rétt hjálparhönd þegar á þarf að halda.

Samstarf

Háskólabókasöfn

Bókasafnið hefur náið samstarf við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal háskólabókasafna. Tveir stjórnendafundir háskólabókasafna voru haldnir á árinu. Safnið á fulltrúa í vinnuhópi um upplýsingalæsi og í samráðshópi um rafbækur. Einnig í verkefnisstjórn Skemmunnar og Írisar/Opinna vísinda. Allir þessir hópar funda reglulega. Þá á bókasafnið fulltrúa í stjórn Aleflis – notendafélags Gegnis og í bókasafnshóp NUAS (Det Nordiska Universitets Administratörs Samarbetet). Bókasafnshópur NUAS hefur fundað reglulega í gegnum fjarfundabúnað og sérstakar kynningar hafa verið um einstök söfn.

Ritver og kennarar

Bókasafnið hefur átt gott samstarf við ritver um námskeið og kynningar. Einnig við ýmsa kennara sviðsins um kennslu í upplýsingalæsi inni á námskeiðum, oft í tengslum við verkefnavinnu og í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Samstarf við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur verið aukið. Tekinn var í notkun sameiginlegur leiðarvísavefur (leidarvisar.is). Bókasafn Menntavísindasviðs átti þar 25 leiðarvísa í lok ársins. Tekin var ákvörðun um að í nýju bókasafnskerfi sem innleitt verður 2022, verði þessi söfn sameinuð í einn safnkjarna.

Menntamálastofnun

Bókasafnið fær eintök af öllu efni útgefnu af Menntamálastofnun og í samvinnu við stofnunina er á safninu standandi sýning á námsefni sem notað er í grunnskólum. Bókasafnið varðveitir einnig allt eldra námsefni grunnskóla. Þá hafa fulltrúar Menntamálastofnunar komið og kynnt nemendum, í samstarfi við starfsfólk safnsins, námsefni grunnskóla í tengslum við ákveðin námskeið. Bókasafnið hefur í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn yfirumsjón með skráningu á námsefni grunnskóla og skráning á rafrænu grunnskólaefni hefur eingöngu verið í höndum bókasafns Menntavísindasviðs.

Samstarf við heimaskóla

Tengiliðir í heimaskólum, grunn- og leikskólum, geta fengið aðgangskort að bókasafninu án endurgjalds. Fáir hafa nýtt sér þá þjónustu.

Dagbók

Bókasafnið hefur tekið þátt í verkefnavöku Háskólans frá upphafi 2013, í samvinnu við ritver og að auki hin síðari ár, bókasöfn HÍ og námsráðgjöf. Vegna Covidfaraldurs var verkefnavaka 2021 sem til stóð að halda í mars, felld niður.

Námsráðgjöf HÍ og sálfræðingur skólans hafa haft viðveru í húsnæði safnsins. Einnig fékk Bataskólinn aðstöðu frá hausti.

Ráðstefnur, fundir og námskeið

Starfsmenn safnsins sóttu að vanda, ýmsa viðburði á árinu, að mestu í gegnum fjarfundabúnað. Að venju; morgunkorn Upplýsingar, fræðslufundi skrásetjara, misserisþing og fræðsludag stjórnarsýslu. Einnig vefvinnustofur og -ráðstefnur á vegum NUAS, Nordill 21 (ráðstefnu um millisafnalán), Karger um opinn aðgang og það sem þeir kalla „Publish and read“, og á vegum Landskerfis bókasafna einkum vegna undirbúnings fyrir innleiðingu á nýju bókasafnskerfi. AKH sótti Landsfund Upplýsingar á Ísafirði.

Sýningar og kynningar

Að venju voru kynningar fyrir nýliða og nýnema í upphafi vor- og haustannar. Kynning var um Orcid fyrir starfsfólk og kynningar um heimildaleitir.

Minna varð um formlegar sýningar á árinu en oftast áður. Reglulega er þó stillt upp áhugaverðu efni. Í október var sett upp sýning á námsefni í íslensku.

Mynd 1 Nemendur kynna sér námsefni í íslensku



Sett var upp sýningin *Tíðarandi í teikningum, myndskreytingar í íslenskum námsbókum á 20. öld*, í bókasafni og víðar í húsnæði Menntavísindasviðs. Á sýningunni eru frumrit myndverka sem ýmsir listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur. Sýningin var upphaflega samstarfsverkefni Menntamálastofnunar, Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs og hefur síðan 2019 farið víða um landið.

Hugmyndir voru uppi um að Mixtúra, „fablab“ á vegum borgarinnar, fengi aðstöðu í húsnæði safnsins. Fallið var frá þeim hugmyndum og Mixtúru komið fyrir annars staðar í húsnæði sviðsins.

Covid 19 og starfsemi bóksafnsins

Covid 19 hafði mikil áhrif á starfsemi safnsins á árinu. Í byrjun ár skiptust starfsmenn á að vinna heima, viku í senn, fram á vor. Alltaf var safninu haldið opnu. Aðsóknin jókst með haustinu en þegar ný Covid-bylgja skall á þegar líða tók á nóvember, fækkaði gestum verulega.

Mynd 2 Safngestir

